



Brunaáætlun fyrir Heilsuleikskólann Holtakot 2017



Á vorönn 2012 var búin til brunaáætlun í Heilsuleikskólanum Holtakoti um það hvernig bregðast skuli við bruna á leikskólatíma.

Áætlunina vann Ragnhildur Skúladóttir, leikskólastjóri í samráði fagfólk og deildastjóra.

Brunaáætlunin er unnin útfrá brunaáætlun leikskólans Arnarbergs með góðfúslegu leyfi þeirra.

Um yfirlestur sáu Elva Dögg Kristjánsdóttir, leikskólakennari og Helga Björk Jónsdóttir grunnskólakennari.

Efnisyfirlit.

Efnisyfirlit.....	2
Rýmingaráætlun um björgun úr bruna.....	3
Raunveruleg hættu.....	4
Gátlisti vegna rýmingaráætlunar.....	5
Almennar upplýsingar um slökkvibúnað.....	6
Hver sá sem verður var við eld skal láta vita strax innanhús.....	7
Fyrstu viðbrögð við eldsvoða.....	7
Brunavarnir.....	9
Minnispunktur fyrir leikskólastjóra:.....	10
Verkferli er sýnir fyrstu viðbrögð við bruna.....	11
Verkferli er sýnir rýmingu á húsnæði.....	12



Heilsuleiksskólinn Holtakot

Rýmingaráætlun um björgun úr bruna:

Allir starfsmenn kynni sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og afli sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu hans og notkun.

Þegar brunabjalla fer í gang skal rýmingaráætlun þegar verða virk. Starfsmenn skulu safna börnunum í röð við neyðarútgang. Einn starfsmaður af hverri deild athugar hvort að um raunverulega hættu sé að ræða. Ef svo er **ekki** er hættuástandi aflýst.

Rýmingar og brunavarnaráætlun er til fyrir allan skólann og er skipulagið sýnilegt öllum starfsmönnum s.s. deildum og eldhúsi. Rýming skólans er ekki æfð með börnunum og er ástæðan sú að sum börn verða mjög hrædd og óttast að eldur sé í alvörunni í leikskólanum. Mest um vert er að starfsmenn þekki hlutverk sitt vel og bregðist rétt við.

Neyðarútgangur eru þær hurðar sem eru með grænu ljósi fyrir ofan. Ljósið á alltaf að loga.

Ef hægt er að koma því við er besti neyðarútgangur fyrir hverja deild af deildinni sjálfri og beint út í garð.



Heilsuleikskólinn Holtakot

Raunveruleg hættu:

- Deildarstjóri / staðgengill hans ber ábyrgð á verkskiptingu við rýmingu. Hann fullvissar sig um að ekkert barn sé eftir inni. Lokar gluggum og hurðum og hefur loka yfirsýn yfir deildina og fer út eftir að síðasta barn er farið úr húsi.
- Einn starfsmaður fær það hlutverk að sækja nafnalista og staðsetur sig við neyðarútgang eða þar sem útgönguleið er greið. Sá starfsmaður ber ábyrgð á að merkja við þau börn sem eru komin út.
- Aðrir starfsmenn fá það hlutverk að safna börnunum saman að neyðarútgangi.
- Starfsmennirnir fara út með börnunum og koma þeim í öruggt skjól. Það er mjög mikilvægt að merkja við mætingarlistann strax og börnin eru komin út.
- **Mýri fer út við rennibraut hjá dótakofanum**
- **Seyla fer hjá rólum á litla svæði**
- **Tröð fer út við fánastöng (sem er við brúnna)**
- **Hlið fer út við stóru rennibrautina**
- Ef nauðsynlegt er að yfingefa svæðið þá er farið út í íþróttahús.
- Leikskólastjóri / staðgengill hringir í 112.



Heilsuleikskólinn Holtakot

Gátlisti vegna rýmingaráætlunar:

Atriði sem starfsmenn þurfa alltaf að hafa í huga.

- Starfsmenn haldi ró sinni.
- Mætingarlisti á alltaf að vera á sínum stað.
- Ferlar um fyrstu viðbrögð við bruna skulu vera sýnilegir upp á vegg á hverri deild / aðalhurð á deild.
- Neyðarútgangur eru þær hurðar sem eru með grænu ljósi fyrri ofan.
- Neyðarútgangur þarf alltaf að vera aðgengilegur og ekkert má standa í vegi fyrir honum.
- Lesa yfir allar upplýsingar um brunavarnir og rýmingaráætlun á fyrsta starfsmannafundi að hausti og í janúar. Deildastjórar fylgi því eftir og haldi utan um það á sinni deild.
- Ef nauðsynlegt reynist að yfirgefa leikskólalóðina á að fara í íþróttahúsið.
- Starfsmenn ræða við börnin að minnsta kosti tvisvar á ári um hvernig þau eigi að bera sig að þegar brunaboði fer í gang.
- Mikilvægt er að brýna fyrir börnunum að fela sig alls ekki þegar bjallan fer í gang.
- Það þarf að ákveða í byrjun starfsárs hvenær á að ræða þetta við börnin og setja það inn í starfsáætlun deilda.
- Að minnsta kosti tveir starfsmenn á hverri deild verða að kunna á kerfið.
- Brunæfing hvert ár.

Heilsuleikskólinn Holtakot

Almennar upplýsingar um slökkvibúnað:

Mikilvægt er að starfsfólk kynni sér staðsetningu og notkun eldvarnarbúnaðar í húsinu. Leikskólastjóri og deildastjórar eru ábyrgir fyrir því að kynna búnaðinn fyrri nýju starfsfólki.

Eldvarnarbúnaður: Eldvarnarteppi (í eldhúsi) kolsýrutæki, brunaslanga og viðvörunarbúnaður.

- 1) Eldvarnarteppi: Eingöngu notað í eldhúsi ef eldur brýst út í pottum. Eitt eldvarnarteppi er til í leikskólanum, staðsett í eldhúsi á vegg við eldavél.
- 2) Kolsýrutæki: Má nota við stærri eld, t.d. gegn vökva og rafmagns-Tækjum. Eitt kolsýrutæki er í leikskólanum staðsett við svalahurð í eldhúsi.
- 3) Brunaslanga: Notist við stóran eld, t.d í gardinum og húsgögnum. Brunaslöngur eru staðsettar á vegg við fataklefa við Útganga á útisvæði.
- 4) Viðvörunarbúnaður: Starfsmaður skal kynna sér og þekkja inn á Viðvörunarbúnað í húsinu. Stjórnstöð og yfirlitsmynd yfir skynjara eru við aðalinngang (Seylumegin)



HVER SÁ SEM VERÐUR VAR VIÐ ELD SKAL LÁTA VITA STRAX INNANHÚS!

Fyrstu viðbrögð við eldsvoða:

Ef eldvarnarkerfi fer í gang eða reykskynjarar gefa frá sér hljóð:

1. Deildastjóri / staðgengill hans stjórnar verkskiptingu.
2. Leikskólastjóri / staðgengill hans kannar hvaðan boð komu.
3. Athuga aðstæður:
 - a) Ef minniháttar eldur = Hvar er eldur?
Leikskólastjóri / deildastjórnar koma af stað rýmingu og hringja í 112.
 - Hvoru megin í húsinu?
 - Kippa rafmagnstækjum úr sambandi. Koma börnum út samkvæmt plani hverrar deildar.
 - b) Ef meiri háttar eldur, mikill reykur eða hurð heit = **EKKI OPNA**.
 - Láta slökkvilið um björgun. **ENGAN HETJUSKAP**.
4. Loka öllum hurðum (til að hefta útbreiðslu eldsins) og gefa slökkviliði lýsingu á stöðunni, í síma.
5. Rýma leikskólann. Sá sem er síðastur út, leikskólastjóri og deildastjórnar eða staðgenglar, skulu vera búnir að ganga úr skugga um að allir séu komnir út áður en þeir yfirgefa leikskólann. Hver deild velur hættuminnstu útgönguleiðina. Leikskólastjóri ber ábyrgð á útgönguleið í sal og aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á gangi leikskólans(þar sem skrifstofur og sérkennsluherbergi eru).
6. Taka á móti slökkviliði, láta vita hvar eldupptök eru og stöðuna í leikskólanum. Fara í gegnum mætingarlista, eru örugglega allir komnir út.
Ef eldur kemur upp á að yfirgefa leikskólann strax.



Heilsuleikskólinn Holtakot

Brunavarnir:

- Starfsmaður kynnr sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og aflar sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu og notkun.
- Það er á ábyrgð hvers starfsmanns að standa skil á kunnáttu sinni.
- Komi upp eldur á alltaf að rýma húsið, kanna aðstæður, hvaðan berst boðið, loka hurðum og taka við símtali frá öryggistæki.
- Við reynum ekki að slökkva eld, heldur komum öllum út úr húsi og látum slökkviliðið um að slökkva eldinn.
- Sé hurð lokað þar sem grunur er um eld, skal þreifa á hurð áður en hún er opnuð.
- Það á **aldrei** að opna hurð sem er heit.
- Sé hurð ekki heit er óhætt að opna, en ef svartur reykur er inni á að loka strax.
- Það á aldrei að fara inn í herbergi fullt af reyk.



Heilsuleikskólinn Holtakot

Minnispunktar fyrir leikskólastjóra:

- Fara yfir brunaáætlun með starfsfólki á skipulagsdegi að hausti og á vorönn.
- Leggja áherslu á það við deildarstjóra að í framhaldinu fari þeir yfir mikilvæg atriði um rýmingu deildar. T.d hvar eigi að safnast saman, hvar eigi að fara út, hlaupa ekki frá hópnum, minna á að það sé mikill hávaði þegar brunaboðinn fer af stað, alls ekki fela sig.
- Fylgja því eftir að haldin sé brunaæfing ár hvert fyrir starfsfólk, skömmu eftir að brunaáætlun hefur verið kynnt.
- Láta Öryggismiðstöðina vita af væntanlegri brunaæfingu og að kerfið verðir sett í gang.